

Sólkerfið, - Þróun mannsins.

Þegar fjallað er um flókið efni eins og hina mannlegu þróun í sólkerfinu og þá sérstaklega í þróun hans í efnislegri birtingu og reynt að gera því skil fyrir byrjendur, verður að setja það fram á mjög einfaldan hátt, en dýpka skilning nemandans eftir því sem líður á námskeiðið. Til að skilja stöðu mannsins í tengslum við sólkerfið okkar má setja upp einfaldaða mynd;

Sólkerfi , samanstendur af.....Tíu plánetukerfum

Okkar plánetukerfi skiptist í.....Sjö hnattakeðjutímabil

Eitt hnattakeðjutímabil í.....Sjö umferðir

Ein umferð í.....Sjö heimstímabil

Eitt heimstímabil í.....Sjö kynstofnar

Einn kynstofn í.....Sjö kynþættir

Einn kynþáttur í.....Sjö kynkvíslir

Hver himnamaður (Logos) birtir sig í gegnum keðju sjö hnatta (hnattakeðju-tímabil), en einn þessara hnatta er hið ídveljandi líf hans hverju sinni, þannig hefur hann áhrif á:

- | | |
|-------------------------------|----------------------------|
| a. Einhvern hnött í keðju ... | b. Eitthvert svið. |
| c. Einhverja umferð | d. Eitthvert heimstímabil. |
| e. Einhvern kynstofn | f. Einhvern kynþátt. |
| g. Einhverja kyngrein | h. Eitthvert heildi. |
| i. Einhvern einstakling. | |

Hlutverk mannsins á jörðinni er að birta andann í efninu, þ.e. að vera vitsmunalegur tengiliður milli anda og efnis. Hann er líka kóróna sköpunarverksins, í honum býr allt sem hægt er að finna í alheiminum, því stefnir allt í nátturuni að því að verða maður.¹

Braut efnisþróunarinnar er hugtak sem notað er um fyrsta hluta þróunarferilsins. Hún tekur til „niðurstigningarinnar“, eða þróunar andans niður í æ þéttara efni þar til botninum er náð, stigi hins þéttasta efnis. Síðari helmingur þróunarferilsins er nefndur andlega þróunarleiðin, á henni snýr andinn aftur til uppsprettu sinnar, gæddur því sem áunnist hefur í rás þróunarinnar.

„Þetta sólkerfi í heild sinni, skoðað sem eitt gríðarstórt gangverk, með öllum hlutum sínum hárnákvæmt samstilltum í öllum meginráttum, er í raun aðeins efnisbirting Vishnu, eða hins etheriska grunnefnis, en það er sá skilningur sem við getum lagt í orðið að sinni. Allt samræmi sem sjá má í hinum raunbirta alheimi er því aðeins afleiðing af samræmdu starfi orkutegunda sem umbreyta ether í það form sem við þekkjum. Allar plánetur, heimar, mannverur o.s.frv. eru hlutar hins meiri líkama, og hver um sig gegnir sínu hlutverki í samræmi við lögmálið sem ræður allri heildinni.

¹ Allur alheimurinn er leiddur áfram, honum stjórnað og hann lífgaður af næstum óendanlegri röð af líföldum skyni gæddra lífvera, hvert þeirra hefur sitt sérstaka verkefni til að inna af hendi. Lífaldar hinna mennsku mónada er ein þeirra. — S.D. I,295.

Þróun, viðhald og eyðing heimsins er því eitt gríðarmikið ferli sem nefnt er Jagna og gerist í líkama Jagna Púrúsha, eða efnislíkama náttúrunnar. Mannkynið, tekið sem ein heild, myndar hjarta og heila þessa Púrúsha. Allt það karma sem mannkynið myndar, efnislegt, hugrænt eða andlegt, er því sá þáttur sem ákvarðar í megindráttum eiginleika þessa jagníska ferlis.²

- *Tilvísun úr : A Treatise on Cosmic Fire.*

Skipta má þróunartíma mannkynsins í sjö (heims)tímabil sem jafngilda sjö kynstofnum. Hvert þessara tímabila er kennt við einn kynstofn. Hver kynstofn er tengdur meginlandi, í The Secret Doctrine er okkur sagt að jivatma - hin mennska sál - gangi í gegnum **sjö** megin **manngerðir eða „kynstofna“** í þróuninni eða umferðinni á þessari plánetu. Í tveim fyrstu kynstofnunum, sem þekktir eru undir nöfnunum „**adam-kynstofninn**“, fyrsti kynstofninn,- var ekki í líkamlegri birtingu, kynlaus og sjálfskapaður í mynd Guðs og birti sig á astralsviðinu, form hans var gert úr geðrænu efni. Meginland - “Hið ævarandi heilaga land.” og „**hyperborean-kynstofninn**“, annar kynstofninn,- form hans voru gert úr etherísku efni. Meginland - “ Hyperborean ” (Svalbarði og N-Grænland leifar af því). Form þessara fyrstu tveggja kynstofna voru stórgerð og höfðu ekki ákveðna lögun, vitund þeirra, sem var lágstæð og útræð og hafði aðeins yfir að ráða einu skilningarviti (heyrn) í fyrsti kynstofninum og tveim skilningarvitum (heyrn og snertingu) í öðrum kynstofninum.

Í þriðja kynstofninum, **kynstofni Lemúríu**³, Mannkynið kom niður í efnisbirtingu á þessu tímabili samhliða að plánetulogosin tók eterbirtingu. Mannlega Helgistjórnin tók til starfa samhliða þessum atburði. Maðurinn birtist í líkamlegri efnisbirtingu sem frummaður og fékk séreðlisvitund og birti neista hugans í fyrsta sinn í þessari umferð. Í þessum þriðja kynstofni þróaðist form sem var mennskara og úr þéttara efni. Meginland - “Lemuria.” (í Kyrrahafi). Sagt er að maðurinn hafi búið í mikilli návist við dýrin og það eina sem aðskildi þessi ríki í upphafi var hið veika ljós einstaklingsvitundarinnar hjá manningnum en hópvitundin hjá dýrunum. Alveg fram að síðusta árpúsundi var dýraríkið mun sterkara en maðurinn og honum var endalaust slátrað af rándýrum jarðarinnar og það er ástæðan fyrir grimmd mannsins gagnvart rándýrunum, síðan hann fékk vopn til varnar, það er hin óhjálvæmilega karmaskuld dýraríkisins. Á seinni hluta þessa tímabils tók maðurinn að temja og sjá um einstakar dýrategundir sem síðar þróuðust í núverandi húsdýr hans, með fjölgun þessara dýra og nánú sambandi hans, hefur dýraríkið þróast og mun þróast í átt til séreðlisvitundar síðar meir. Á þessu tímasteiði þróaðist eterlíkaminn, það er fingerða orkulíkami mannsins, en áhersla

² . . . Aðferðina, sem Sri Krishna gefur Arjuna undir nafninu Jóga, nefnir hann hið jagníska líf (4.kafli, 1.grein). Jóga og jagna eru í raun nátengd og jafnvel óaðgreinanleg, þó svo fólk virðist aðgreina þetta tvennt nú á tímum. Orðið jóga (yoga), sem dregið er af rótinni yuj, að tengja, merkir athöfnina að tengja saman. Þar sem hjartað er nú hin miðlæga orkustöð mannsins hefur jógi hjartans miðlæga stöðu í alheiminum, af því leiðir einstaklingseðli hans. Einstaklingseðlið eða æðri hugurinn (manas) er þungamiðjan í uppbyggingu mannsins, eða orkustöðin sem hin tvö hálfhvel æðri og lægri tilveru snúast um, eins og ég hef áður minnst á. Yfir jóga hjartans hvelfist himneskt hvolfþak og undir honum er jarðneskt hlyldýpi og af því leiðir að jóga hans verður tvígreint. Hann tengir sjálfan sig hinu efra í dhjana og hlutunum hið neðra í athöfnum. Orðið jagna (yagna), dregið af rótinni yaj, að þjóna, merkir einnig tvíþætta þjónustu, það er þjónustan við hlutina hið efra með þjónustu sem innt er af hendi við birtingu þeirra, hlutina hið neðra.“ — Úr Some Thoughts on the Gita, bls. 18 og 134.”

³ H.Blatvaski segir m.a í Secret Doctrine;

a) Fyrir 18 millj. árum

b) Maðurinn er ekki afkvæmi dýra. Maðurinn varð til á undan spendýrum en ekki öfugt.

Helgivaldsins var á þróun efnislíkama mannsins og maðurinn var upptekinn af efnislegum þáttum tilverunnar og markmið mannsins var sameining (at-one-ing) í Hatha Yoga, - yoga efnislíkamans. Þetta gaf lærisveininum fullkomið vald á efnislíkamanum sem er í dag svo fullkomið að það er honum meðfætt. Á þessum tíma var eðlisávísunin örвуð til frekari þroska fyrir næsta kynstofn. Þó var Lemúríu eytt í eldi því efnisformið hentaði ekki framförunum mannsins.⁴

Efnisform sem maðurinn þróaði í þriðja kynstofni, var síðan fullkomnað í fjórða kynstofninum, **kynstofni Atlantis**, fyrir um 5 millj. árum. Meginland-Atlantis. Á þessu tímasteiði þróaðist tilfinningalíkami mannsins og eðlisávísunin varð manninum eðlislæg og þroskaðist í lástæða greind og maðurinn varð vitundarstilltur í Kamamanas, sem er einfaldlega blanda af; langana-tilfinninga-lægri huga- ástandi ; forvitnileg samhæfing sem einkennir jafnvel manninn í dag og er orsök erfiðleika hans. Markmið mannkynsins var fullkomnun tilfinninga og stjórn á þeim. Þessi þróun gaf manninum aðra vitund. Hann varð meðvitaður um heilstæðari heim og skynjaði kærleika skaparans. Á þessu tímasteiði var lokað fyrir séreðlismynduninna og manninum gert það mögulegt að taka vígslu inni hið fimmta ríki, - ríki andans.⁵ Þetta hafði veruleg áhrif á jurtaríkið til þróunar þess. Sagt er að í orðum biblíunar “ Maðurinn er herra jarðarinnar” felist að hin þriðja lægri ríki nátturunnar þróist í gegnum manninn. Hann þarf á þeim að halda til efnislegrar birtingar og framþróunar samfélaga sinna og samhliða notkun hans á þeim, þróist þau til æðri birtingar með honum.

Mannkynið er statt í fimmta tímabilinu, þ.e. fimmta kynstofninum sem er kallaður **hin Aríski** og er hvíti kynstofninn. Þetta þýðir að eiginleikar þess kynstofns stýra þróuninni hjá mannkyninu á þessu tímabili. Hann kom fyrst fram fyrir um 1 millj. ára. en meginland hans er Evrópa, en samhliða honum er stór hluti fjórða kynstofnsins og leyfar af þriðja kynstofninum. Þó svo að hver kynstofn fæðist af fyrirrennara sínum verður að hafa í huga að um langan tíma eru þeir báðir til samtímis. Af núlifandi þjóðum teljast tartarar, kínverjar og mongólar til fjórða kynstofnsins og frumbyggjar Astralíu og hottintottar til hins þriðja. Einnig eru að koma fram vísir að næsta kynstofni, þ.e. hinum sjötta.

Á þessu tímabili mun þróun eiga sér stað hjá mannkyninu sem mun hafa mikill áhrif hafa steinaríkið, sambærilegum þeim sem áttu sér stað í dýra og jurtaríkinu hjá 3 og 4 kynstofninum, áhrif þess sjáum við nú þegar í geislavirkni ákveðinna jarðefna og uppgötvun mannsins á þeim og háþróaðri notkun málma hjá mannkyninu (í stríði og friði).

Þroski mannkynsins endurspeglast í vegferð þess gegnum þessi tímabil og kynstofna. Gefið er til kynna að mannkynið sé á fermingaraldri miðað við þann þroska sem því er ætlað við lok sjöunda kynstofninn. Þróunarferill mannsins er hægur framan af en eykst síðan hratt með andlegum þroska hans þegar hann áttar sig á hlutverki sínu í alheimsþróuninni og stöðu sinni þar.

⁴ Secret Doctrine 1. bindi, neðanmálsgrein á bls. 473, er vikið að eyðingu Lemúríu í eldi, og í sömu bók II. bindi, neðanmálsgrein á bls. 149, koma fyrir eftirfarandi orð, „Lemúríu var ekki sökkt í sæ, hún eyddist í eldgosum og sökkt í kjölfarið.“

⁵ „Silfurþráðurinn“ sem holdgast frá upphafi raunbirtingarinnar og allt til enda hennar. Á hann eru strengdir perlur mennskrar tilveru. Hann er orkuþráðurinn sem tengir hinn lægri persónulega mann við Föðurinn á hinnum með milligöngu sálarinnar, hins miðlæga hugsuðar. Á honum eru þeir brennipunktur orku sem við nefnum frumkjarna eða varanleg atóm.

¹ Eðlisþættir, hin grundvallandi aðgreining, grunneiginleikar eða orkutegundir sem allir hlutir eru byggðir á; þeir gefa öllum formum sitt sérstaka eðli.

¹ Pralaja (myrkvun). . . Tímabil myrkvunar eða hvíldar sem varðar plánetu, sólkerfi eða alheiminn. Hlé milli tveggja tímaskeiða raunbirtingar.

¹ Sútratma. „Silfurþráðurinn“ sem holdgast frá upphafi raunbirtingarinnar og allt til enda hennar. Á hann eru strengdir perlur mennskrar tilveru. Hann er orkuþráðurinn sem tengir hinn lægri persónulega mann við Föðurinn á himnum með milligöngu sálarinnar, hins miðlæga hugsuðar. Á honum eru þeir brennipunktur orku sem við nefnum frumkjarna eða varanleg atóm.